

Frumvarp að fjárhagsáætlun 2013

Síðari umræða í Sveitarstjórn 13 desember 2013

1. Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2013

Frumvarp að fjárhagsáætlun ársins 2013, er hér með lagt fram til síðari umræðu í sveitarstjórn Mýrdalshrepps. Frumvarpinu fylgja tölulegar upplýsingum um A hluta sveitarsjóðs og samantekin A og B hluta.

Rekstrarafgangur sveitarsjóðs og stofnana (samstæða A og B hluta) fyrir fjármagnsliði er áætlaður 30,3 m.kr. króna. Þar af er rekstrarafgangur A hluta 24,3 að teknu tilliti til fjármagnsliða verður rekstrarafgangur samstæðunnar 10,1 m.kr. og rekstrarafgangur A hluta 10,9 m.kr.

Afborganir langtímalána á árinu 2013 verða um 20,2 m.kr.

Á árinu 2013 verður markvisst unnið að hagræðingu í öllum rekstri sveitarfélagsins, þó með það að markmiði að standa vörð um grunnþjónustu við íbúa og styðja eins og kostur er við alla frekari uppbyggingu og styrkingu atvinnulífs í sveitarfélaginu.

Á árinu 2013 er fjárfestingar sveitarfélagsins áætlaðar 9,7 m.kr. Lokið verður við að koma leikskóladeildinni fyrir í Víkurskóla og unnið að endurbónum á snyrtingum í Leikskálum og í íþróttahúsinu. Stefnt er að því að hefja undirbúning að lokafrágangi fráveitumála í sveitarfélaginu.

2. Forsendur

Í greinargerðinni hér á eftir er fjallað um helstu forsendur fjárhagsáætlunar og um áætlanir einstakra málaflokka. Ramminn um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga er að verulegu leyti settur í nýjum sveitarstjórnarlögum, en skv. þeim er óheimilt að reka sveitarsjóð með halla.

Skatttekjur:

Skatttekjur samanstanda af útsvari, framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, fasteignasköttum og lóðarleigu.

Fjárhagsáætlun 2013 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 287,8 m.kr. samanborið við 276,2 m.kr. í endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2012. Breytingin milli ára er nánast eingöngu verðbreytingar milli ára.

Útsvar:

Launahækkunir á árinu 2012 urðu litlar umfram umsamdar launahækkunir 3,5% 1. mars. Flestir kjarasamningar hækka síða um 3,6% aftur 1. mars 2013. Í þessari áætlun er því gert ráð fyrir 3,5% launahækkun og samsvarandi hækkun staðgreiðslu milli ára. Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður áfram 14,48%.

Talsverð fólksfækkun hefur orðið í Mýrdalshreppi á síðustu þremur árum, en þó hafa útsvarstekjur ekki lækkað að sama skapi. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur á næsta ári hækki um 3,5% og verði verði 152 m.kr. á árinu 2013 samanborið við 147 m.kr. í endurskoðaðri fjárhagsáætlun þessa árs 2012.

Fasteignaskattar og lóðarleiga:

Við endurmat fasteigna hefur matið hækkað um rúm 4% milli ára. Gert er ráð fyrir óbreyttum álagningarforsendum. Með eftirfarandi álagningarprósentum vera fasteignaskattar samtals um 38,1 m.kr. og lóðarleiga 4.4 m. kr.

Við gerð áætlunar er gert ráð fyrir eftirfarandi álagningarprósentum:

- Fasteignaskattur A: 0,53% af fasteignamati.
- Fasteignaskattur B: 1,32% af fasteignamati.
- Fasteignaskattur C: 1,65% af fasteignamati.
- Lóðarleiga íbúðarhúsnæði: 1,50% af lóðarmati.
- Lóðarleiga atvinnuhúsnæði: 1,50% af lóðarmati.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:

Framlög jöfnunarsjóðs eru áætluð 93,4 m.kr. 2013 sem er hækkun um 3,5% milli ára. Framlög sjóðsins eru alltaf háð nokkurri óvissu þar sem tekjustofnar sjóðsins eru ekki allir fastir og breytinga á stöðu annarra sveitarfélaga hefur áhrifa á okkar hlut.

Greiðslur vegna svokallaðs aukaframlags lækka úr 700 milljónum í 300 milljónir á næsta ári. Nokkur óvissa er jafnan um tekjujöfnunarframlagið og þar sem Mýrdalshreppur fékk ekkert tekjujöfnunarframlagi í ár er ekki gert ráð fyrir því á næsta ári.

Önnur fasteignatengd gjöld:

Vatnsskattur hefur verið mjög lár í sveitarfélaginu miðað við önnur sveitarfélög og hefur Mýrdalshreppur verið eina sveitarfélagið í landinu sem hefur verið með fasta krónutölu í vatnsskatt.

Með nýrri gjaldskrá fyrir vatnsveitu Mýrdalshrepps sem samþykkt var s.l. sumar var ákveðið að vatnsskatturinn yrði framvegis 0,15% af fasteignamati.

Með nýrri gjaldskrá fyrir fráveitu og rotþróargjöld í Mýrdalshreppi sem samþykkt voru s.l. sumar verður holræsagjald 0,20% af fasteignamati.

Rotþróargjaldið verður þannig:

- Rotþró 6000 lítra og minni kr. 7.000
- Rotþró stærri en 6000 lítra kr. 9.000

- Aukalosanir kr. 9.000 fyrir hverja tæmingu.

Upphæð rotþróargjalds breytist fyrsta janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. janúar 2012 og var 112,3 stig.

Talsverð breyting verður á sorpgjöldum milli ára vegna nýrrar gjaldskrár fyrir sorphreinsun og sorpförgun í sveitarfélaginu. Í nýrri gjaldskrá er reynt að meta betur en gert var í eldri gjaldskrá umfang sorps bæði frá heimilum og fyrirtækjum. Gjaldflokkar fyrirtækja taka nú mið af umfangi sorps sem sótt var til þeirra á síðasta ári og áætlaðri notkun þeirra á gámavelli sveitarfélagsins. Almennt sorphirðugjald hækkar um 4% sorphirðugjaldið verður kr. 17.700, en sorpeyðingargjaldið verður 18.400 kr.

Fræðslu- og skólamál

Víkurskóli.

Lokið verður við viðbyggingu við Víkurskóla og gengið frá lóðinni fyrir leikskóladeildina. Áformum um byggingu matsalar og kennslueldhús verður frestað enn um sinn vegna erfiðrar fjárhagsstöðu.

Leikskóladeild. Veruleg fækkun hefur orðið í leikskóladeild á síðustu misserum. Í dag eru 19 börn í skólanum. Gert er ráð fyrir 4,5 stöðugildum í leikskóladeildinni á næsta ári. Gjaldskrá leikskóla og en gjald fyrir hádegismat og hressingu hækkar um 4 % milli ára.

Grunnskóladeild. Með tilliti til verulegrar fækkunar barna verður rekstur grunnskóladeildar Víkurskóla og starfsmannahald endurskoðað á árinu. Reiknað er með því að á næsta ári verði 50 börn í skólanum og bekkjardeildir 4 og mun starfsmannahald taka með af þessari stöðu. Sérstaklega verður reynt að draga úr öllum fjarvistum í skólanum.

Tónskólinn. Nokkur breyting verður á starfsemi í tónskóladeild þar sem aðeins er enn starfsmaður í fullu starfi við deildina og síðan starfsmaður í hlutastarfi. Gert er ráð fyrir því að gjald í tónskólann hækki um 4 % á næsta ári, með sömu afsláttarreglum og hingað til.

Æskulýðs og íþróttamál

Íþróttafulltrúi og íþróttamiðstöð. Áfram er gert ráð fyrir því að íþróttafulltrúi verði hálfu starfi hjá sveitarfélaginu. Hann heldur utanum starfsemi íþróttamiðstöðvarinnar, en sinnir um leið þar almennum umsjónar og gæslustörfum eftir aðstæðum.

Ákvörðun um að halda hér á næsta ári landsmót UMFÍ 50 + kallar á talsverða vinnu við þann undirbúning.

Léleg nýting hefur verið á sundlauginni yfir köldustu mánuði ársins og því hefur verið ákveðið að lauginni verði lokað í desember, janúar og febrúar og vatnið úr borholunni nýtt til upphitunar í skólanum.

Íþróttafélög. Gert ráð fyrir 1,1 m.kr. til Kötlu skv. samningi, 0,7 m.kr. til golfklúbbs vegna vélaleigu og 0,3 m.kr. til Hestamannafélagsins Sindra vegna reiðstíga og æskulýðsstarfs.

Brunamál og almannavarnir

Slökkvistöð. Eldvarnarmálin eru komin í lag með samstarfi við nágrannasveitarfélögin og verður því samstarfi haldið áfram. Gert verði ráð fyrir 550 þúsundum til verkefnisins.

Björgunarsveitin. Gert ráð fyrir 1,1 m.kr. í heildarstyrk skv. samstarfssamningi.

Skipulags- og byggingarmál.

Aðalskipulag. Gert er ráð fyrir því að helmingur áætlaðs kostnaðar okkar af endurskoðun aðalskipulagsins frá síðasta ári komi til greiðslu á árinu 2013, eða um 7 milljónir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi. Skipulags- og byggingarfulltrúi verður áfram í hlutastarfi, en gert er ráð fyrir mun minni vinna á þessu ári en því síðasta. Einnig mun sveitarstjóri sinna þeim verkefnum byggingarfulltrúa að nokkurn hluta meðfram öðru.

Umferðar og samgöngumál.

Gatnagerð. Helstu gatnagerðarverkefni ársins verða í endurnýjun gangstétta á Víkurbraut.

Hátún. Gangstéttin frá Suðurvíkurvegi og upp að heilsugæslu er ónýtt.

Skólabraut. Ath. að gera þessa götu að einstefnugötu? Búið að setja kantstein með götunni nauðsynlegt að klára stéttina ef kostur er.

Umhverfismál

Guðlaugsblettur. Ganga þarf frá skipulagi á svæðinu. Ganga þarf frá stígum á blettinum, og í kringum hann og gróðursetja þar 1 – 2 metra tré í stað þeirra sem eru að drepast. Aspir ættu hér vel við því þær þurrka upp blettinn. Reiknað er með því að kaupa nokkurt magn af trjám til gróðursetningar á svæðinu og eins verður kannað hvort sjálfbóðaliðar væru ekki til í að koma að vinnu við að gera þennan reit fallegan.

Hrapið. Sveitarstjórn þarf að fylgjast með og styðja það framtak sem komið er af stað við að endurbyggja eitthvað að kartöflugörðunum í Hrapinu og svæðinu í kring.

Minka- og refaeyðing. Gert ráð fyrir ríkisframlagi til minkaveiða, en ekki refa sbr. bréf Umhverfisstofnunar frá því í haust. Þessi mál þarf að taka til skoðunar.

Atvinnumál.

Atvinnuþróun. Atvinnuþróunarfélagið hefur verið lagt niður en starfsemin rekin áfram af SASS gert ráð fyrir 0,8 m.kr. greiðslu til þessa verkefnis samkvæmt samþykkt sem gerð var á ársfundi SASS.

Markaðsstofa Suðurlands. Gert er ráð fyrir 0,3 m.kr. til Markaðsstofu Suðurlands samkvæmt samkomulagi sem framlengt hefur verið í næstu þrjú ár

Kynningar og ferðamál.

Gert er ráð fyrir stuðningi við áframhaldandi uppbyggingu Kötlueturs 3,9 milljónir á árinu 2013. Vonast er til að aðrir styrkir fái til starfseminnar, en nú hefur því verið breytt að ekki er lengur hægt að sækja um fé á fjárlögum til svona starfsemi. Ætlunin er að sækja í menningarsjóðinn sem kemur í staðinn og eins í Húsafriðunarsjóð bæði til að koma Halldórsbúð í það horf að húsið skemmist ekki meira og til viðhalds í Brydebúð, en þar er nú komið að því að mála og lagfæra gólf.

Sameiginlegur kostnaður.

Óbreytt starfsemi verður á skrifstofu sveitarfélagsins á árinu. Áfram verið stíft aðhald í öllum útgjöldum og aðeins kr. 300 þúsundum varið til auglýsingar og kynningarmála og verður þeim peningum varið í samstarfi við Kötluetur og ferðaþjónustuaðila því endalaust er þrýst á sveitarfélagið að taka þátt í kynningum og auglýsingum í hinum ýmsu bæklingum og kynningarefni.

Eignasjóður

Víkurskóli

Lokið verður við frágang á lóð og umhverfi leikskóladeildar Víkurskóla. Ekki verður komist hjá því að á meðan á þessum framkvæmdum stendur þá verur dregið eins og kostur er úr öðrum framkvæmdum og búnaðarkaupum. Þó er stefnt að því að halda áfram vinnu við lagfæringu á þaki grunnskóladeildarinnar.

Íþróttahús. Þar sem almenningssnyrtingar í íþróttahúsinu hafa nú verið teknar undir leikskóladeildina, verður ekki hjá því komist að bæta þar úr. Ákveðið hefur verið að nýta það pláss sem áður var undir ljósabekk í þessar snyrtingar.

Leikskálar. Gera verður á því húsi verulegar endurbætur á árinu er gert ráð fyrir því að ráðast í endurbætur á salernisaðstöðu og koma þar fyrir snyrtingu fyrir fatlaða að kröfu Heilbrigðiseftirlitsins sem hefur verið margítrekuð. Reynt verður einnig vinna í því að lagfæra glugga á austurhlið hússins sem eru ónýtir og óþéttir.

Gámavöllur. Klára verður að ganga frá gámasvæðinu og endurbygginu vallarhússins og kaupa á það hús stórar dyr svo hægt verði að athafna sig með tækjum í húsinu.

Þjónustumiðstöð.

Gert ráð fyrir tveimur starfsmönnum í þjónustumiðstöðinni allt árið. Endurnýja þarf eitthvað af tækjum og verkfærum fyrir sumarið.

Vatnsveita.

Hefðbundið viðhald.

Hitaveita.

Vinna þarf áfram í því að finna varanlega lausn á þessum málum.

Fráveita.

Bráðnauðsynlegt er að koma frárennismálum úr vesturhluta byggðarinnar í viðunandi horf. Fýsilegast er að koma þessu til leiðar með öflugri rotþró með yfirfalli vegna rigningarvatns. Í áætlun er gert ráð fyrir hönnun og undirbúningi.

Fjármögnun

Ekki er gert ráð fyrir lántöku vegna framkvæmda á næsta ári.

Aðrar gjaldskrár:

Gjaldskrár íþróttamannvirkja verður hækkuð um 4% frá árinu 2012.

Gjaldskrá fyrir hunda- og kattaleyfi hækkar um 500 krónur milli ár eða í kr. 7.500 á hvert dýr.

Laun og launatengd gjöld:

Launaáætlun ársins 2013 byggist á áætlunum einstakra deilda um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og vinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjara- og ráðningarsamninga.

Almennir rekstrarliðir:

Eðlilegt er að reikna með því að innri húsaleiga hækki milli ára í takt við þróun vísitölu neysluverðs, en áætlað er að hún hækki um 3,6% á næsta ári.

Almennir rekstrarliðir eru áætlaðir út frá metinni þörf en gætt var verulegs aðhalds við áætlun þessara liða.

Stefna ber að hagræðingu í innkaupum í samræmi við innkaupareglur sveitarfélagsins og með útboðum á þjónustupáttum sem skipta máli og er hægt að bjóða út.

Hagræðing:

Á árinu 2013 er gert ráð fyrir því að hagræða í rekstri eins og kostur er. Grunnþjónusta verður þó ekki skert.

Fjármagnsliðir:

Vaxtaútreikningar í áætlun ársins 2013 miðast við núverandi vaxtakjör. Verðbólga er áætluð 4% á árinu 2013 í samræmi við spár Hagstofunnar.

Samantekin álagningarhlutföll og breytingarþjónustugjalda 2013:

- Fasteignaskattur A: 0,53% af fasteignamati.
- Fasteignaskattur B: 1,32% af fasteignamati.
- Fasteignaskattur C: 1,65% af fasteignamati.
- Lóðarleiga íbúðarhúsnæði: 1,50% af lóðarmati.
- Lóðarleiga atvinnuhúsnæði: 1,50% af lóðarmati.
- Vatnsgjald: 0,15% af fasteignamati.
- Holræsagjald: 0,20% af fasteignamati og lóðarmati.
- Sorphreinsunargjald: 17.700 kr. á heimili.
- Sorpeyðingargjald: 18.400 kr. á heimili.
- Sorphreinsunar- og sorpeyðingargjöld af fyrirtækjum taka mið af magni.
- Gjaldskrár leikskóla: hækkar um 4% milli ára.
- Gjaldskrá Tónskóla: hækkar um 4% milli ára.